

Tíminn

Útgefandi: FRAMSÓKNARFLOKKURINN
Ritstjóri og ábm.: Þórarinn Þórarinnsson.
Skrifstofur 1 Edduhúsinu við Lindargötu
Símar: 18 300, 18 301, 18 302, 18 303, 18 305 og
18 306 (skrifst., ritstjórnin og blaðamenn).
Auglýsingasími 19 523. Afgreiðslan 12 323
Prentsm. Edda hf.

Ingólfur og Jónas

Sjálfstæðisflokkurinn hefur nú sent fram tvo af dátum sínum, þá Ingólfur Jónsson og Jónas Pétursson, til þess að reyna að eigna honum, að hrundið hefur verið þeirri fúlmannlegu árás á kjör bænda, sem var gerð með setningu bráðabirgðalaganna um verðbindinguna á síðastl. hausti. Mbl. birtir í gær greinar eftir Ingólfur og Jónas, þar sem reynt er að sanna, að bændur eigi hér Sjálfstæðisflokkinn allt að þakka!

Það eitt nægir þó til að sanna, að þetta eru fullkomin öfugmæli, að bráðabirgðalögin voru sett með fullum stuðningi Sjálfstæðisflokksins. Emil Jónsson hefur opinberlega skýrt frá því, að hann hafi látið Sjálfstæðisflokkinn vita fyrirfram um setningu laganna og meira en það. Hann skýrði Sjálfstæðisflokki frá því, að hann myndi segja af sér, ef hann fengi ekki að gefa út lögin. Svar Sjálfstæðisflokksins var: Sittu kyrr og gefðu lögin út. Þannig voru bráðabirgðalögin gefin út í samráði við Sjálfstæðisflokkinn og með stuðningi hans, þótt flokkurinn reyndi síðan að leika tveim skjöldum í kosningabaráttunni.

Á þinginu í haust, kom það líka glöggt í ljós, að Sjálfstæðismönnum var mjög annt um þetta afkvæmi fyrrv. stjórnar. Hin ofbeldisfulla þingfrestun var ekki sízt knúin fram til þess að koma í veg fyrir, að Sjálfstæðisflokkurinn þyrfti annað hvort að sverja fyrir eða játa faðerni sitt. Umræðurnar í þinginu um þingfrestunina, áttu hins vegar ekki sízt þátt í því, að Sjálfstæðisflokkurinn sá sitt óvænna.

Það er nú upplýst orðið, að með bráðabirgðalögunum var reynt að hafa af bændum 3% verðhækkun, er þeir áttu fullan lagalegan rétt til að fá. Bráðabirgðalögin voru raunverulega tilraun af hálfu stjórnar Alþýðuflokksins til þess að ræna 3% af kaupum bænda. Þessa rántilraun gerði stjórn Alþýðuflokksins með stuðningi Sjálfstæðisflokksins, eins og lýst er hér að framan.

Vegna öflugrar baráttu Framsóknarmanna í kosninga baráttunni og á Alþingi í haust, og vegna eindreginnar samstöðu bændastéttarinnar, treystust stjórnarflokkarnir hins vegar ekki til að fullkomna þessa rántilraun sína. Með samkomulaginu í sexmannanefndinni hefur bændum verið skilað því aftur, sem átti að ræna af þeim með bráðabirgðalögunum.

Þáttur Sjálfstæðismanna í þessu máli er sá, að þeir hjálpuðu Alþýðuflokki til að gera þessa rántilraun, en gáfust svo upp með stuðninginn og töldu þann kost vænstan að láta skila þýfinu aftur, þegar þeir sáu fram á fylgistap vegna baráttu Framsóknarflokksins.

Vissulega láta þeir Jónas og Ingólfur stjórnast meira af hlýðni en dómgreind, þegar þeir lofa slíka framkomu. En það sýnir hins vegar betur en nokkuð annað, hver málstaður Sjálfstæðisflokksins er í þessu máli, að dátar hans telja honum það nú helzt til hróss, að hann hafi þó alltaf hjálpað til að skila þýfinu, er hann hjálpaði þjófnum til að hnupla!

Hvort sem þeir Ingólfur og Jónas halda áfram um þetta löngum skrifum eða ekki, mun það alltaf standa eftir sem áður óhrakið: Sjálfstæðisflokkurinn hjálpaði Alþýðuflokki til að gefa út bráðabirgðalögin. Sjálfstæðisflokkurinn beitti sér fyrir ofbeldisfullri þingfrestun til að koma í veg fyrir að bráðabirgðalögin yrðu felld. Baráttu Framsóknarflokksins og samstaða bændastéttarinnar neyddi hins vegar stjórnarflokkana til að skila bændum aftur því, sem reynt var að ræna af þeim með bráðabirgðalögunum. Þannig er það sýnt, að öflug og einbeitt stjórnarandstaða getur miklu áorkað þegar hún berst jákvæðri baráttu.

Starf síldarútvegsnefndar hefir orðið árangursríkt

Nefndin á 25 ára starfsafmæli um þessar mundir

Síldarútvegsnefnd á 25 ára starfsafmæli um þessar mundir. Starf hennar hefur borið mikinn árangur í skipulagsmálum, síldarsölu og síldarvinnslu. Hér fer á eftir greinargerð núverandi formanns nefndarinnar, Erlendar Þorsteinssonar, um starf nefndarinnar til þessa.

Lögin um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl. voru staðfest 29. des. 1934 og eru nr. 74. Fyrsti fundur hennar nýkjörnu nefndar var þó ekki haldinn fyrr en 1. marz 1935, og telst starfstími nefndarinnar byrja þá.

Eftir að Síldareinkasala Íslands hætti störfum 1931 var söltun síldar og sala látin algerlega afskiptalaus af hálfu hins opinbera. Söti mjög í það horf að ýmsar söltunarstöðvar voru raunverulega reknar af kaupendum síldarinnar, aðallega Svíum, sem afhentu saltendum allar tuppur og salt sem til þurfti og áttu birgðir frá ári til árs, en veittu jafnframt þessum stöðvum fjárhagslega aðstoð til greiðslu vinnulauna og að einhverju leyti upp í andvirði fersk síldar.

Á þessum árum hófst verkun léttisaltadrar síldar — svokallaðar matjessíldar — og var markaður ur einkum í Mið-Evrópu, þ. e. Danzig, Póllandi og Þýskalandi. Langmestur hluti þessarar síldar var seldur í umboðssölu og vildi þá oft ganga á ýmsu með skil andvirðis. Síldin var aldrei viðurkennd hér á landi fyrir afskiptun, og hafði kaupandinn raunar algveg á sínu valdi að ákveða sölu hæfni og gæði síldarinnar. Ýmsir hinna stærri framleiðenda höfðu þó alloft menn erlendis til umsjónar þessum eignum sínum, og hefur það að sjálfsgöðu bætt úr.

Lágt verð

Vorið 1934 var svo komið að ýmsir síldarsöltendur höfðu gert fyrirframsamninga um sölu þessarar síldar til Póllands, Danzig og Þýskalands fyrir svo lágt verð, að sjáanlegt var að það myndi aldrei geta skilað eðlilegum framleiðslu kostnaði þess andvirði fersksíldar sem sanngjarnt mátti teljast, vinnulaunum og andvirði tunna, salts, bryggjuleigu etc. Nokkrir síldarsöltendur undir forustu þeirra Finns Jónssonar, Ásgeirs Péturssonar, Ingvars Guðjónssonar og Steindórs Hjaltalíns, töldu því brýna nauðsyn bera til þess að bindast samtökum, sérstaklega að því er varðaði léttisöltuð síldina, og freista þess að ná þetta verði og hagkvæmari skilmálum varðandi skoðun síldarinnar og greiðslu. Var síðan stofnað Samlag íslenzkra matjessíldarframleiðenda. Ekki vildu þó allir síldarsöltendur vera með í þessum samtökum. En þar sem talið var að þau næðu ekki tilgangi sínum ef eitthvert magn síldar yrði selt utan þeirra beitti þáverandi sjávarútvegsmálaráðherra Haraldur Guðmundsson sér fyrir útgáfu bráðabirgðalaga nr. 40 frá 31. júlí 1934. Í 2. gr þessara laga var heimild fyrir ríkisstjórnina til að hafa á hendi nánari framkvæmd laganna, en samkvæmt 1. gr. var ríkisstjórninni veitt heimild til að skina svo fyrir að leyfi ráð-

herra þyrfti til þess að selja eða flytja til útlanda léttverkaða salt-síld, en léttverkuð telst sú síld sem söltuð er með 22 kg salts eða minna í 120 lítra tunnu, eða tilsvarendi í minna flát.

Stjórn SÍM, en hana skipuðu 4 framangreindir menn og auk þess Jón Kristjánsson útm. Akureyri, var síðan falin framkvæmd bráðabirgðalaganna, en Óskar Jónsson, Hafnarfirði, og Jón Sigurðsson erindreki voru skipaðir sérstakir trúnaðarmenn ráðherra og alþýðusamtakanna.

Starfssvið nefndarinnar

Með lögunum frá 1935 eru afskipti hins opinbera af síldarsölu og síldarsölu stóruakin:

1. Síldarútvegsnefnd er heimilt að ákveða, hvenær söltun megi hefjast, svo og að takmarka eða banna söltun um lengri eða skemmri tíma og ákveða hámark söltunar á hverju skipi.

3. Enginn má bjóða til sölu, selja eða flytja til útlanda saltaða síld eða verkaða á annan hátt, sem veidd er af íslenzkum skipum eða í íslenzkri landhelgi, eða verkuð hér á landi eða lögð á land til verkunar, nema með leyfi síldarútvegsnefndar. Eigi má afgreiða farmskrifteini fyrir síldarsendingum, að ísaðri síld undanskilinni, til útlanda, nema slíkt leyfi liggja fyrir.

3. Síldarútvegsnefnd löggildir síldarútflytjendur, ákveður tölu þeirra og löggildingartíma.

4. Gert er ráð fyrir að veita megi sölusamgæði síldarframleiðenda eða samvinnufélagi sem hafi umráð yfir 75% af framleiðslunni eða meira heimild til útflutnings á þeim hundráðshluta, þó með vissum skilyrðum.

5. Enginn hefur heimild til þess að salta síld, nema með leyfi nefndarinnar og er skyldur að hlíta þeim fyrirmælum er nefndin setur.

6. Þá er og gert ráð fyrir að nefndinni muni, ef ástæða þykir til, verða falin einkasala á allri síld, en einnig er með samþykki nefndarinnar heimilt að veita slíka einkasölu samlagi síldarsöltenda með samþykki nefndarinnar þó aldrei nema meðlimir þess ráði yfir a.m.k. 75% af útflutningsmagni.

Ýms atriði þessu viðvíkjandi eru nánar skilgreind í lögunum.

Þá er einnig gert ráð fyrir því að nefndin geri ráðstafanir til þess að gerðar séu tilraunir með nýjar veiðiaðferðir og útflutning á síld með öðrum verkunaraðferðum en nú (þ.e. þegar lögin voru sett) tíðkast. Hún skal hafa forgöngu um markaðsleit og tilraunir til þess að selja síld á nýja markaði og annað það, er lýtur að viðgangi síldarútvegsins. Eru nefndinni í lögunum ætlaðar sérstakar tekjur til þessa.

Fram til styrjaldaþyrjunar starfaði nefndin þannig að hún hafði einkasölu á allri léttverkaðri síld, en ákvað lágmarksverð til útflutnings á öðrum tegundum síldar og löggilti útflytjendur. Þá ákvað nefndin einnig lágmarksverð á fersksíld til söltunar og sum árin hámarkssöltunarleyfi á síldarstöðvar og síldveiðiskip.

Á stríðsárunum var ekki um annan markað að ræða en til USA. Nefndin hafði einkasölu þangað að 2 árum undanteknum, en seldi þó alla síld sem þangað fór annað árið.

Eftir stríðslok eða síðan 1945 hefur nefndin haft einkasölu á

allri útflyttri salt-síld, þar með talin sykurlaus kryddsíld etc., en hin síðari ár hefur verð á fersksíld verið ákveðið af viðkomandi ríkisstjórnnum með samkomulagi við útvegsmenn og saltendur í sambandi við útflutningsbætur.

Síðan 1947 hefur nefndin einnig haft með höndum stjórn Tunnu verksmiðja ríkisins á Siglufirði og Akureyri. Hefur nefndin selt saltendum allar tunnur sem þeir hafa þarfnast. Hafa tunnurnar verið seldar á kostnaðarverði að viðbættum 2% þóknun til nefndarinnar.

Nefndarmenn

Nefndin er skipuð 5 mönnum. 3 eru kosnir hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi til 3ja ára í senn. Formaður er skipaður til þins árs í senn, af ráðherra sem er með sjávarútvegsmál, úr hópi hinna þingkjörnu nefndarmanna. 1 er úr nefndur af Alþýðusambandi Íslands og 1 kosinn af útvegsmönnum. Varamenn eru skipaðir á sama hátt.

Formenn hafa verið frá upphafi: Finnur Jónsson, fyrrv. alþm. og ráðherra frá 1. jan. 1935 til miðs árs 1941. Sigurður Kristjánsson konsúll frá þeim tíma til árs loka 1946. Jón L. Þórðarson forstjóri frá 1. jan. 1947 til ársloka 1956 og Erlendar Þorsteinsson frá 1. jan 1957 og síðan.

Þessir menn hafa verið lengst í nefndinni: Björn Kristjánsson fyrrv. alþm. í 20 ár. Erlendar Þorsteinsson og Jón L. Þórðarson á 14. ár hvor, Sigurður Kristjánsson konsúll 12 ár, Guðmundur Jörundsson útm. á 8. ár, Óskar Jónsson forstj. Hafnarfirði 11 ár, Finnur Jónsson 9 ár; Jakob Frímansson, Jóhann P. Jósefsson alþm., Kristján Eyfjörð og Ólafur Jónsson forstj. frá Sandgerði 6 ár hver, og svo margir um skemmri tíma 1—1½ kjörtímabil, en auk þessa hafa varamenn hlaupið í skarðið.

Framkvæmdastjórn nefndarinnar hafa verið frá byrjun: Sophus A. Blöndal frá stofnun nefndarinnar til dánardags í marz 1936; Erlendar Þorsteinsson frá 1. júní 1936 til ársloka 1953; Jón Stefáns son frá 1. jan. 1945 og síðan; Gunnar Flóvenz frá 1. jan. 1949 og síðan, en þess má geta að hann hefur unnið full framkvæmdastjórnastörf á Suðurlandi síðan 1. jan. 1950, þó hann væri þá titlaður sem skrifstofustjóri.

Skrifstofustjórn: Nils Ísaksson frá 1. jan. 1950 og síðan á Siglufirði. Gísli Jóhannsson frá 1. jan. 1959 og síðan í Reykjavík.

Að sjálfsgöðu hefur oft staðið nokkur styr um nefndina, enda varla annars að vænta þar sem svo margþætt afskipti af atvinnu rekstri einstaklinga eru lögboðin, og heldur engin von til þess að hægt sé að gera svo að öllum líki. Eg fullyrði þó að með örfáum undantekningum, hafi samstarf við alla þá sem nefndin hefur átt við að skipta, síldarsöltendur, sjómenn og útvegsmenn og samtök þeirra, verið gott og oft ágætt.

Eins og að framan getur var nefndinni falin einkasala á allri síld árið 1945 og síðan stjórn Tunnuverksmiðja ríkisins 1947. Þar við bættist svo mikill söltun Suðurlandssíldar og söltun Norðurlandssíldar dreifðist mjög austur á bögnin. Þessi auknu verkefni gerbreyttu starfi nefndarinnar, sem urðu miklu umfangsmeyri og úmafrekari en áður. Þá rökþuðust (Framhald síðu).